

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 856/2023.

1. gr.

Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: 3. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

Orðin „8. gr.“ í lok 3. mgr. falla brott.

4. mgr. 8. gr. færist og verður 5. mgr. 6. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

Við 1. mgr. bætist svohljóðandi texti:

Míða skal við samþykkt marklýsingu. Ef ekki er í gildi samþykkt marklýsing og ekki er um að ræða sjálfkrafa viðurkenningu skv. tilskipun 2005/36/EB skal í umsögn framhaldsmenntunarráðs lækninga fjalla um hvort sérnám umsækjanda uppfylli í meginatriðum þau viðmið sem gerð eru hér á landi fyrir framkvæmd sérnáms. Einnig skal höfð hliðsjón af sérnámi í öðrum ríkjum, svo sem á Norðurlöndum eða í Bandaríkjunum.

5. mgr. verður 4. mgr.

4. gr.

Á eftir orðunum „endanleg á stjórnáskilgætt“ í 13. gr. reglugerðarinnar kemur: Formaður framhaldsmenntunarráðs getur jafnframt skipað slíka nefnd fyrir hönd ráðsins til að leggja mat á umsókn um sérfræðileyfi, í sérgrein sem ekki er starfandi kennsluráð í hér á landi, á grundvelli sérfræðileyfis frá öðru ríki, sbr. 1. mgr. 8 gr.

5. gr.

Í stað orðsins „bráðalækningum“ í 3. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar kemur: bráðabjónustu.

6. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni, bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Um sérnámsgrunn lækna sem skipulagður var fyrir 17. ágúst 2023 gilda reglur um sérnámsgrunn sem kveðið var á um í eldri reglugerð nr. 467/2015.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 8., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 29. maí 2024.

Willum Þór Þórsson.

Ásthildur Knútsdóttir.